

Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 1268

komudagur 28/3 1996

Sauðárkóki, 7. mars 1996

Hæstvirtur þingmaður !

Hér eru áriðandi en einföld skilaboð.

Frá fundi opinberra starfsmanna í Skagafirði, sem haldinn var þriðjudaginn 5. mars kl. 20:30 á sal Bóknámshúss Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Málefni fundarins voru framkomin frumvörp ríkisstjórnarinnar um **Réttindi og skyldur, Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Um sáttastörf í vinnudellum.**

Fyrir fundinum stóðu aðildarfélög BSRB í Skagafirði með stærstan hóp frá Starfsmannafélagi Sauðárkróksbæjar ásamt félögum úr FÍL, FÍH, KÍ og HÍK.

Fundurinn var mjög vel sóttur, um 80 manns, sem komu víða að úr héraðinu.

Framsögumenn voru: Helga Sigurbjörnsdóttir frá Félagi leikskólakennara, Ragna Jóhannsdóttir sjúkraliði frá Starfsmannafélagi Sauðárkróksbæjar og Valgeir Kárason frá HÍK-Nv.

Eftirfarandi ályktun - var samþykkt á fundinum:

Fjölmennur fundur opinberra starfsmanna í Skagafirði, haldinn í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, 5. mars 1996 lýsir reiði, hneykslan og hryggð yfir framkomnum frumvörpum stjórnvalda um *réttindi og skyldur, Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og um sáttastörf í vinnudeilum.*

Í frumvörpunum eru mörg skerðingarákvæði sem gerbreyta myndu kjörum og afkomutryggingu opinberra starfsmanna. Ekki er hægt að fallast á að kjörum verði breytt einhliða með þessum hætti, enda hefur launum opinberra starfsmanna verið haldið niðri með tilvísun í þessi kjör, sem nú er fyrirhugað að skerða bótalaust.

Fundurinn krefst þess að stjórnvöld dragi til baka áður nefnd frumvörp og gangi til samstarfs og samvinnu við stéttarfélög opinberra starfsmanna, sem fúslega myndu vinna að endurskoðun nógildandi laga, með það að leiðarljósi að opinberir starfsmenn framtíðarinnar njóti ekki lakari kjara en núverandi starfsmenn.

Fundurinn leggur áherslu á að stjórnvöld hafi eðlilegt samráð við opinbera starfsmenn við mótnu starfsmannastefnu framtíðarinnar.

Sauðárkróki, 6. mars 1996 - Valgeir Kárason., kt. 010851-4919